



Virðing, samvinna,
árangur

Náms-og kennsluáætlun

Vorönn 2010



Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 303

Undanfari: TEH 203

Kennari

Björn Sturlaugsson bsturl@fss.is

Námsefni:

Byggingareglugerð, bókin Húsasmíði – timburhús eftir Anders Føstrub, verkefni og ljósrit frá kennara.

Áhöld og efni:

Teikniblyantar **0,35** og **0,5** (0,35 **2H** og 0,5 **2H**), teiknipappír **A 2** (10 arkir), hringfari, strokleður, rúðustrikuð blöð, (þrístrendur kvarði með mælikvörðunum 1:5, 1:20, 1:50, 1:100), límband, línuveiðari og vasareiknivél.

Kennslufyrirkomulag:

Umræður og verkefnavinna

Námsmat:

Áfanginn er án lokaprófs.

Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr skyndiprófum.

Kennari ártar (samþykkir) öll verkefni jafnóðum og þeim er lokið og skal nemandi hafa lokið tilgreindum verkefnum fyrir hvort skyndipróf.

Lámarks verkefnaskil er 90% og 2 skyndipróf.

Einkunn undir 5 er ófullnægjandi.

Áfangalýsing.

Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga en nú með áherslu á timburhús og þakvirki. Haldið er áfram umfjöllun um almenna bygginga-uppdrætti en samhliða koma einnig burðarvirkisuppdrættir þar sem m.a. er komið inn á ýmiss konar álag á byggingar og brunahönnun. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur, verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur kynnst mátkerfi fyrir byggingar-iðnaðinn og fá þjálfun í gerð efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmíðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.

Lokamarkmið áfanga.

Að nemandann geti gert vinnuteikningar af stigum og sperrum og fundið sannar lengdir og snið á sperrum á þökum með jöfnum og misjöfnum halla.

Geti teiknað í mismunandi mælikvörðum.

Annað sem kennari vill láta koma fram

Forsenda til þess að fá að taka/fara í próf, er að nemandi skili inn **öllum verkefnum** sem lögð eru fyrir í áfanganum.

Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemandi tekur tvö könnunarpróf á önninni að undanskyldum kröfum um að hafa **lokið** þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni.

Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma.

Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi nemandi án námsgagna í tíma.

Rétt er að benda á að samkvæmt núgildandi mætingarreglum missir nemandi rétt til að sitja áfram í áfanganum ef hann fer yfir 7 fjarvistir.

Nemendur hafa tvo daga til þess að gera athugasemdir við fjarvistir sínar!

Kennari áskilur sér rétt til frávika frá kennsluáætlun

Kennsluvikur.**Áætluð yfirferð námsefnis****Skil á verkefnum.
Próf.**

1. vika.	Verkefni 1 Valmaþök 1:50	
2. vika.	Verkefni 2 Sperrusnið 1:1	Verkefni 1
3. vika.	Verkefni 2 Sperrusnið 1:1	
4. vika.	Verkefni 3 Sperrusnið 1:1	Verkefni 2
5. vika.	Verkefni 3 Sperrusnið 1:1	
6. vika.	Verkefni 4 Sperrusnið 1:1	Verkefni 3 Könnun 1
7. vika. MIÐANNARMAT	Verkefni 4 Sperrusnið 1:1	Jöfnunavika –
8. vika. Miðannarmati lokið	Verkefni 5 Sperrusnið 1:1	Verkefni 4
9. vika.	Verkefni 6 Æfingarverkefni 1 Ýmsir mælikvarðar	Verkefni 5
10. Vika.	Verkefni 7 Æfingarverkefni 2 Ýmsir mælikvarðar	Verkefni 6
11. vika.	Verkefni 8 Snúinn tréstigi (opinn) 1:10	Verkefni 7
12. vika. Jöfnunavika	Verkefni 9 Snúinn tréstigi (lokaður) 1:10	Verkefni 8
13. vika.	Lokafrágangur	Könnun 2
14. vika.	Lokafrágangur /Verkefnaskil	